

**3445. fundur bæjarráðs, haldinn í fjarfundi,
23. desember 2020 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2001138 - Höfði - endurbætur 2020

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 26. október síðastliðinn að standa straum af fyrirbyggjandi hönnunarkostnaði vegna endurbóta á 2. hæð á Höfða en sú fjárfesting mun nýtast verði sótt um að nýju á næsta ári er opnað verður fyrir umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraða.

Bæjarráð samþykkti á fundinum viðauka nr. 30 að fjárhæð kr. 15.478.568 á deild 02410-5946 og var hann samþykktur í bæjarstjórn Akraness þann 24. nóvember síðastliðinn og var ráðstöfuninni mætt með lækkun á handbæru fé.

Komin er fram ósk um viðbótarframlag eigenda að fjárhæð kr. 1.467.800 vegna viðbótarhönnunarkostnaðar (reikningar Mannvits dags. 31.10 og 30.11) sem skiptist á milli þeirra í hlutföllunum 90:10 (Akraneskaupstaðar:Hvalfjarðarsveit).

Bæjarráð samþykkir að standa straum af áföllnum viðbótarhönnunarkostnaði vegna fyrirhugaðra endurbóta að fjárhæð kr. 1.321.020 sem færist á deild 02410-5946. Ráðstöfuninni er mætt með lækkun á handbæru fé.

Bæjarráð leggur áherslu á að ekki verði stofnað til frekari útgjalda en fyrirhugað er að sækja um styrk að nýju á næsta ári í Framkvæmdasjóð aldraða.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:45.